

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 93/98  
frá 25. september 1998

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptabjónusta)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/98 frá 17. júlí 1998<sup>(1)</sup>.

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/195/EB frá 8. janúar 1998 um samtengingu á frjálsum fjarskiptamarkaði (1. hluti - Verðlagning samtengingar)<sup>(2)</sup> skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26f (ályktun ráðsins 97/C 181/01) í XI. viðauka við samninginn:

„26g. **398 X 0195:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/195/EB frá 8. janúar 1998 um samtengingu á frjálsum fjarskiptamarkaði (1. hluti - Verðlagning samtengingar (Stjtið. EB L 73, 12.3.1998, bls. 42)).”

### 2. gr.

Fullgiltur texti tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 98/195/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 73, 12.3.1998, bls. 42.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. september 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner